

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum falli niður: 37.03.09, 64.01.02, 64.02.03, 70.15.00, 90.07.13, 90.07.19, 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00, 91.11.00, 97.06.01.
- b. Tollur á vörum í eftirtöldu tollskrárnúmeri lækki í 5%: 32.10.00.
- c. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 20%: 37.01.09, 37.02.09.
- d. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 50%: 92.12.19, 92.12.29.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi 109. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, fimmtudag 19. mars 1987.
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.